

ÁRSSKÝRSLA KVASIS

- Samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva -

2009 - 2010



Mynd af formaninum við eina undirrituna. Birt að ósk formanns.

Lögð fyrir aðalfund 19. apríl 2010
Drög

Efnisyfirlit

Haustfundur 2009	2
Starfsdagur forstöðumanna	2
Samstarf við háskólana og símenntunarstofnanir þeirra	3
Símenntun.....	3
Háskólastoðir.....	3
Háskólanám	3
Samningar við Fjölmenn	3
Samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	4
Samningur við Vinnumálastofnun - Ungt fólk til athafna.....	4
Samningur við Kompás - Mannauðs.	4
Samskipti við fjárveitingavaldið	4
Rafræn gögn og sameiginlegar tölur	4
Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsfræðslu	4
Skólakerfið My School.....	4
Menntabruín og FS netið.....	5
Tíu ára afmæli Kvasis	5
Önnur mál sem stjórn vann að eða fjallaði um.....	5
Fjarfundabúnaðir og fjarmiðlunartækni	5
Fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar	5
Próf í íslensku fyrir útlendinga.....	5
Menntaþing.....	5
Útlendingar og símenntun	5
Símenntunarmiðstöðvar innan Kvasis.....	6
Vor- og haustfundir Kvasis	6
Stjórnir Kvasis.....	7

Aðalfundur Kvasis fyrir árið 2009 var haldinn Reykjanesbæ, miðvikudaginn 25. mars 2009. Þá vék Óli Halldórsson úr stjórn og í hans stað var kjörinn Smári Haraldsson. Aðrar í stjórn eru þær Erla Björg Guðmundsdóttir og Inga Dóra Halldórsdóttir. Stjórnin skipi þannig með sér verkum að Inga Dóra var kjörin formaður, Erla Björg gjaldkeri og Smáir ritari. Á fundinum var samþykktum samtakanna breytt og Mímir – símenntun tekin inn.

Stjórnin hélt 11 bókaða fundi á starfsárinu.

Helstu verkefni stjórnar voru við eftirtalin verkefni.

1. Haustfundur 2009

Haldinn Kvasis 2009 var haldinn á Hótel Hamri í Borgarfirði dagana 30. september og 1. október 2009. Á fundinum var fjallað um eftirfarandi þætti.

- Kynning á Kompás – Mannauðs.
- Kynning á Framvegis – miðstöð um símenntun í Reykjavík.
- Vefur Kvasis.
- Markaðsmál Kvasis.
- Kynning á Endurmenntun Háskóla Íslands.
- Tæknimál – Menntabruín og FS-netið.
- Samningur við Fjölmennt.
- Háskolastoðir.
- Tíu ára afmæli Kvasis.
- Vorfundur Kvasis 2010.
- Samstarf milli símenntunarmiðstöðvanna innan Kvasis.
- Kynningarefni á DVD.
- Stéttarfélagsaðild starfsfólks símenntunarmiðstöðva.
- Vottun fræðsluáðila – kynning á EQM.
- Samræður við framhaldsskólann.
- Námsskeiðsmat.
- Kynning á My School.

2. Starfsdagur forstöðumanna

Forstöðumenn símenntunarmiðstöðvanna innan Kvasis hittust á starfsdegi 7. og 8. janúar 2010. Fundurinn var haldinn á Hótel Örk í Hveragerði.

Á fundinum var fjallað um eftirfarandi þætti:

- Lestur ársreikninga og fjárhagsáætlanagerð.
- Gæðamál – EQM og nemendabókhaldskerfi.
- Ráðningarsamningar, verktakasamningar, kjarasamningar.
- Íslenska fyrir útlendinga.
- Framtíð Kvasis
- Markaðsmál.
- Afmælishaldið.

- Netháskóli.
- Námsfærnisgerð og þróunarverkefni.

3. Samstarf við háskólana og símenntunarstofnanir þeirra

3.1 Símenntun

Stjórn Kvasis hefur lagt áherslu á að gerður verði rammasamningur milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Kvasis um þjónustu símenntunarmiðstöðvanna við ríkisháskólana í landinu. Af því hefur ekki orðið.

Kvasir og Endurmenntun Háskóla Íslands undirrituðu þess í stað nýjan samstarfssamning 3. Febrúar 2010. Kom hann í stað eldri samnings frá 2008.

Stjórn Kvasis hefur einnig óskað eftir að gera rammasamning við aðrar símenntunarstofnanir háskólanna, en ekki hefur orðið úr því.

Þá hefur Elín Margrét Hallgrímsdóttir símenntunarstjóri Símenntunar Háskólans á Akureyri óskað eftir að gera samning við Kvasi. Málið er í biðstöðu hjá símenntunarstjóranum.

3.2 Háskólastoðir

Stjórnin hefur nokkuð fjallað um undirbúningsnám að háskólanámi, svokallaðar háskólastoðir og samsvarandi nám. Var þetta m.a. rætt á haustfundi 2009, þar sem stjórn var falið að fylgja eftir umræðum á fundinum í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Hefur stjórnin unnið að þessu.

Upphaf málsins má rekja til óskar fræðslusetursins Keilis hf, sem er m.a. í eigu Háskóla Íslands, um að gera samning við Kvasi um kennslu háskólastoðanna. Stjórnin leit svo á að heppileggra væri að Keilir undirriti slíkan samning við hverja miðstöð fyrir sig, en vísaði málinu einnig til haustfundar.

Auk Keilis hefur stjórnin hefur haft samband við Háskólann á Bifröst, Háskólann á Akureyri og Háskólann í Reykjavík um þetta mál.

3.3 Háskólanám

Háskólanum á Akureyri hefur óskað eftir samningi um þjónustu við háskólanema við hverja miðstöð sem þjónar þeirra nemendum, en til vara við Kvasi. Stjórn Kvasis óskaði eftir að gerður verði rammasamningur milli Kvasis og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um þjónustu símenntunarmiðstöðvanna við alla ríkisháskóla í landinu.

4. Samningar við Fjölmennt

Unnið var að gerð samninga Fjölmennt – fullorðinsfræðslu fatlaðra við símenntunarmiðstöðvarnar.

5. Samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Stjórn Kvasis var í miklum samskiptum við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vegna margvíslegra mála, svo sem um námsleiðirnar, náms- og starfsráðgjöf og skiptingu framlaga.

6. Samningur við Vinnumálastofnun - Ungt fólk til athafna.

Kvasir, félagsmálaráðuneytið og Vinnumálastofnun undirrituðu samstarfssamning þann 5. febrúar 2010 um verkefnið *Ungt fólk til athafna*. Undirbúningur þess samningsins tók allmikinn tíma og margra funda.

7. Samningur við Kompás - Mannauðs.

Þann 6. nóvember 2009 var undirritaður samstarfssamningur við Kompás – mannauðs er skal stuðla að markvissri uppbyggingu og viðhaldi fræðslu og þekkingar tengdri mannauðsstjórnun og lærdómsferli einstaklings.

8. Samskipti við fjárveitingavaldið

Stjórnin sendi fjárlaganefnd Alþingis, þar sem lögð var áhersla á að framlag til miðstöðvanna verði ekki skert frá fyrra ári. Var bréfinu fylgt eftir með fundi formanns Kvasis með formanni fjárlaganefndar.

9. Rafræn gögn og sameiginlegar tölur

Mikið átak var gert í að koma öllum gögnum Kvasis á rafrænt form og aðgengilegt á internetinu á miðlægum gagnagrunni. Hefur því miðað vel og er nú langt komið.

Þá hefur stjórn unnið að því að taka saman helstu tölur um rekstur og starfsemi miðstöðvanna, til að hafa þessar upplýsingar aðgengilegar við kynningu á þessar starfsemi.

10. Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsfræðslu

Stjórnin fékk að venju nokkur lagafrumvörp til umsagnar, svo sem frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu, sem samþykkt voru á haustþingi 2009.

11. Skólakerfið My School

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fékk fyrirtækið Stúdía ehf. til að hana námsumsjónarkerfi fyrir fullorðinsfræðsluna. Upptaka og innleiðing kerfisins hefur verið tafsöm og gengið erfiðlega. Þess vegna var ákveðið á félagsfundi 7. janúar 2010 að ráða Vilberg Helgason, tölvufræðing, til að vinna að innleiðingu kerfisins fyrir Kvasi og samþykkt að hver miðstöð legði fram allt að 100 þúsund krónur til þess að greiða Vilberg fyrir vinnu sína.

12. Menntabréin og FS netið

Haustfundur 2009 staðfesti kjör Laufeyjar Eiríksdóttur í stjórn Menntabréar og kaus þau hana, Jóhann Ingólfsson og Óla Halldórsson í starfshóp til að vinna að málum er snúa að Menntabréunni, í samstarfi við stjórn Menntabréarinnar. Símenntunarstöðin Framvegis hefur óskað eftir aðgangi að Menntabréunni.

Ný kostnaðarskipting á FS netinu var samþykkt á haustfundi 2009. Fulltrúi Kvasis í stjórn þess er Jóhann Ingólfsson.

13. Tíu ára afmæli Kvasis

Á haustfundi 2009 voru þau Ásmundur Sverrir Pálsson, Guðjónína Sæmundsdóttir og Valgerður Guðjónsdóttir kjörin í afmælisnefnd, en samtökin voru stofnuð á Selfossi 31. maí árið 2000. Fyrirhugað hafði verið að halda uppá afmælið sem næst stofnðegi, en nú hefur afmælisfagnaði verið frestað til haustsins.

14. Önnur mál sem stjórn vann að eða fjallaði um

14.1 Fjarfundabúnaðir og fjarmiðlunartækni

14.2 Fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar

14.3 Próf í íslensku fyrir útlendinga

14.4 Menntaþing

14.5 Útlendingar og símenntun

15. Símenntunarmiðstöðvar innan Kvasis

Nafn	Heimasíða	Netfang
Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurl. vestra	http://www.farskolinn.is/	farskolinn@farskolinn.is
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	http://www.frmst.is/	frmst@frmst.is
Fræðslunet Suðurlands	http://fraedslunet.is	fraedslunet@sudurland.is
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	http://www.mss.is/	mss@mss.is
Mímir - símenntun	http://www.mimir.is/	mimir@mimir.is
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	http://www.simenntun.is	simenntun@simenntun.is
Símey - Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	http://www.simey.is/	simey@simey.is
Viska - fræðslu- og símenntunarmiðst. Vestmannaeyja	http://www.viskave.is	viska@eyjar.is
Þekkingarnet Austurlands	http://www.tna.is/	tna@tna.is
Þekkingarsetur Þingeyinga	http://www.hac.is/	hac@hac.is

Vefsíða Kvasis er <http://www.fraedslumidstodvar.is/>

16. Vor- og haustfundir Kvasis

Ár	Nr	Staður	Fundur	Dagsetning
2000		Selfoss	Stofnfundur	31. maí
2001	1	Sauðárkrókur	Haustfundur	1. – 2. nóvember
2002	2	Ísafjörður	Vorfundur	16. – 17. maí
2002	3	Selfoss	Haustfundur	23. – 24. október
2003	4	Sveinbjarnargerði, Eyjafjörður	Vorfundur	15. – 16. maí
2003	5	Vestmannaeyjar	Haustfundur	5. – 7. nóvember
2004	6	Reykjanesbær	Vorfundur	29. – 30. apríl
2004	7	Egilsstaðir	Haustfundur	18. – 19. nóvember
2005	8	Grundarfjörður	Vorfundur	25. – 26. apríl
2005	9	Húsavík	Haustfundur	25. – 26. október
2006	10	Sauðárkrókur	Vorfundur	30. – 31. mars
2006	11	Ísafjörður	Haustfundur	5. – 6. október
2007	12	Selfoss	Vorfundur	apríl
2007	13	Egilsstaðir	Haustfundur	16. – 17. október
2008	14	Akureyri	Vorfundur	9. og 10. apríl
2008	15	Vestmannaeyjar	Haustfundur	1. og 2. október
2009	16	Reykjanesbær	Vorfundur	26. og 27. mars
2009	17	Hótel Hamar, Borgarfirði	Haustfundur	30. sept. og 1. okt.
2010	18	Akureyri	Vorfundur	19. apríl

17. Stjórnir Kvasis

Tímab.	Nafn	Miðstöð	Stjórnarstarf
2000-2002	Skúli Thoroddsen	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Formaður
	Emil Björnsson	Fræðslunet Austurlands	Ritari
	Iðunn Antonsdóttir	Símenntunarmiðstöð Þingeyinga	Gjaldkeri
2002-2003	Iðunn Antonsdóttir	Símenntunarmiðstöð Þingeyinga	Formaður
	Smári Haraldsson	Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Ritari
	Katrín Dóra Þorsteinsdóttir	Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Gjaldkeri
2003-2004	Katrín Dóra Þorsteinsdóttir	Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Formaður
	Smári Haraldsson	Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Ritari
	Inga Sigurðardóttir	Símenntunarmiðstöð Vesturlands	Gjaldkeri
2004-2005	Inga Sigurðardóttir	Símenntunarmiðstöð Vesturlands	Formaður
	Bryndís Þráinsdóttir	Farskóli Norðurlands vestra	Ritari
	Jón Hjartarson	Fræðslunet Suðurlands	Gjaldkeri
2005-2006	Bryndís Þráinsdóttir	Farskóli Norðurlands vestra	Formaður
	Sigurður Ólafss.Valg. Guðjónsd. Guðjónína Sæmundsdóttir	Fræðslunet Austurlands/Viska í Vestmannaeyjum Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Ritari Gjaldkeri
	Sigurður hætti á haustfundi 25. og 26. okt. 2005 og Valgerður fulltrúi Visku kom inn í hans stað.		
2006-2007	Guðjónína Sæmundsdóttir	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Formaður
	Valgerður Guðjónsdóttir	Viska-Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja	Ritari
	Ásmundur Sverrir Pálsson	Fræðslunet Suðurlands	Gjaldkeri
2007-2008	Ásmundur Sverrir Pálsson	Fræðslunet Suðurlands	Formaður
	Valgerður Guðjónsdóttir	Viska-Fræðslu- og símenntunarmið. Vestmannaeyja	Ritari
	Óli Halldórsson	Þekkingarsetur Þingeyinga	Gjaldkeri
2008-2009	Óli Halldórsson	Þekkingarsetur Þingeyinga	Formaður
	Inga Dóra Halldórsdóttir	Símenntunarmiðstöð Vesturlands	Ritari
	Erla Björg Guðmundsdóttir	Símey-Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Gjaldkeri
2009-2010	Inga Dóra Halldórsdóttir	Símenntunarmiðstöð Vesturlands	Formaður
	Smári Haraldsson	Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Ritari
	Erla Björg Guðmundsdóttir	Símey-Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Gjaldkeri